

Hólsá – Austurbakki – Aðalsvæði (28 - 14)

Með flesta veiðistaði sem koma hér á eftir þá borgar sig að vera færanlegur og reyna renna yfir staðina með mismunandi agni og fara þá frekar fleiri umferðir á hverju svæði fyrir sig það getur legið fiskur eða verið á ferðinni 50 metrum fyrir ofan og neðan flesta merкта veiðistaði, sérstaklega á göngutíma eru fiskar á ferð út um alla á. Þar sem áin rennur yfir á hinn bakkann geta líka verið staðir en þeir eru ekki merktir þar sem ekki eru alltaf slóðar við ána þeim megin. Dæmi um sex stanga skiptingar í ánni er að þrjár stangir veiða frá 28 – Ármót og að brú og hinar þrjár taka frá brúnni og niður í 14 – Djúpós. Skipt er svo á milli svæða á þriggja klst fresti. Annað dæmi er að skipta hollinu í þrjú tveggja stanga holl þá 28 – Ármót til 23 – Húsastrengur, Húsbreiða, Brú og niður á 19 – Bakkatjörn og svo 18 – Bæjabakki niður fyrir 14 – Djúpós.

Veiðistaður 28 – Ármót



Þessi veiðistaður hefur verið hvað gjöfulastur í gegnum árin en þar sem mikill framburður að sandi og breytingar á vatnsmagni geta verið töluverðar frá vori fram á haust þá getur verið erfitt að gera sér grein fyrir hvernig er best að bera sig að með agnið. En þar sem mestur straumurinn kemur úr Eystri þar byrjar veiðisvæðið og nær landi. Beint út frá skiltinu (28) myndast oftast sandbakki sem nær niður að efsta broti/grjóti í Rennu og utan í honum liggur fiskur þess vegna borgar sig ekki að vaða með látum út í ármótin. Á göngutíma er fiskurinn líka úti í miðjum straumnum en það getur verið erfitt að koma agni þar niður en þá þarf bara að vera með rétta agnið og aðferðir. Oftast eru skiptingar þannig að ein stög veiðir þennan stað niður að þar sem Rennan byrjar eða að efsta grjótinu sem brýtur á í rennunni. Þarna er þægilegt að landa fiski.

Veiðistaður 27- Renna

Þessi veiðistaður hefur verið virkilega skemmtilegur síðustu 2-3 ár sérstaklega eftir að ánni var beint meira að landi þá hefur Rennan dýpkað. Það mótar s.s. fyrir þremur grjóthrúgum í Rennunni sem brýtur á, fyrir ofan og milli allra þessara brota getur fiskur legið. Í flestum tilfellum þó þá er fiskurinn að ganga

með landinu á þessum stað þannig það er mjög mikilvægt að fara varlega að og passa að standa ekki að óþörfu uppi á sandbakkanum. Þarna getur verið virkilega gaman að veiða með einhendu og því er mælt sérstaklega með því m.a. til að koma í veg fyrir að styggja fiskinn og sprengja svæðið, það eikur líkurnar á að fleiri geti veitt meira og lengur. Oftast eru skiptingar þannig að ein stöng veiðir frá efsta broti niður að sleppitjörn eða þar sem höllin byrjar. Getur verið erfitt að landa og nauðsynlegt að hafa háf til reiðu.

Veiðistaður 26 – Höllin

Á þessum veiðistað getur safnast saman mikið af fiski og þess vegna er mjög mikilvægt að fara varlega að. Þarna er mikið dýpi en flestar aðfarir sem komu fram í lýsingu fyrir veiðistað 27 (Renna) eiga við þarna líka. Oftast eru skiptingar þannig að ein stöng veiðir frá sleppitjörn og niður fyrir girðingu/hlið sem er þarna. Og aftur fiskurinn er alveg við eða undir bakkanum og því handhægari veiðigræjur því betra og reyna síðan að koma fisknum eftir bestugetu frá tókustaðnum eins fljótt og hægt er. Getur verið erfitt að landa og nauðsynlegt að hafa háf til reiðu og reyna þá að landa þar sem rennur úr sleppitjörninni.

Veiðistaðir 25 og 24 – Hábakki



Þessir veiðistaðir hafa of breyst milli ára þar sem rennslið hefur færst frá landinu en þetta lítur vel út núna. Það er háð vatnsmagni hversu nálægt landi fiskurinn getur verið en eins og með fleiri staði borgar sig að lámarka að standa mikið uppi á bakkanum reyna frekar og kom sér niður. Það hefur reynst

ágætlega að vera tvíhendu þarna og þverkasta. Oftast er veitt með einni stöng þarna og byrjað við girðingu/hlið sem kemur í framhaldinu af 26 (Höllin) og að húsastreng, helstu tökustaðir eru við enda sand eyrar og fyrir ofan, milli og neðan við veiðistaða merkingar. Getur verið erfitt að landa og nauðsynlegt að hafa háf til reiðu.

Veiðistaðir 23 og 22 – Húsastengur og Húsbreiða



Þegar gengið er beint niður að á frá veiðihúsinu er komið að Húsastreng þessi staður breytist mikið á milli ára en tökustaðirnir byrja beint út frá húsi og getur leynst fiskur með bakkanum nánast alveg niður að brú. En þar sem grasbakkinn er, er mikið dýpi og hefur sá staður haldið fiski. Svo þegar komið er að sandbakkanum þá byrjar állinn að færast frá landi og þá þarf að kasta lengra úr og hafa oft t.d. verið teknir góðir sjóbirtingar þarna. Þennan ál er síðan hægt að elta og veiða niður að brú. Hægt er að nálgast álinn fyrir ofan brúnna líka frá hinum bakkanum með því að fara yfir brúnna og upp með sandbakkanum sem er þar. Oftast er veitt með einni stöng þarna en það rúmast alveg tvær. Það getur borgað sig að hafa háf við Húsastreng en það ætti að vera þægilega að landa frá Húsbreiðu niður að brú.

Veiðistaður – Brú (Drjúgur)

Áður en brúin kom þá var þetta staður sem var kallaður Drjúgur hann hefur breyst mikið og í rauninni orðinn mun betri þar sem hann heldur fiski og mikil umferð af honum er þar. Hægt er að byrja að veiða við brúnna þar sem er mjög hratt og þungt rennsli og eins og gefur að skilja gríðarlegt magn af fiski sem fer þarna í gegn. Tökustaður er alveg samfleytt frá brúnni og alveg niður að þar sem áin rennur í bakkann þar sem skógurinn byrjar. Það er gott að vera með háf þarna eða landa fyrir ofan brúnna og þegar neðar er komið í sandfjöru þar sem áin rennur í bakkann.

Veiðistaður 21 – Skógur



Þessi staður breytist mikið á milli ára. Það er bægt að byrja að veiða hann um 30-100 metrum fyrir ofan veiðimerkingu en svo hafa myndast álar beint út frá veiðimerkinu sem bæði er hægt að veiða frá landi og/eða vaða í þá. Állinn rennur svo áfram en hann hefur færst frá landi en það þarf ekki að vaða langt til að veiða hann. Þessi áll rennur síðan í land þar sem vex mikil Lúpína þar getur myndast flott rennsli sem fiskur gengur í og getur líka haldið sjóbirtingi.

Veiðistaður 20 – Bakkakot

Þessi staður hefur breyst mikið og er áin komin frekar frá landi en þarna úti í álnum geta myndast holur í sandbotninum þar sem fiskur hinkrar við á leið sinni upp ána og eða hægt er að hitta á göngur. Þarna borgar sig að nota tvíhendu og reyna að lesa vatnið vel en aðgát skal ávalt höfð þegar vaðið er.

Veiðistaður 19 – Bakkatjörn

Þarna hefur myndast mjög flottur staður með skemmtilegu rennsli og mælt er með því að byrja fyrir ofan girðinguna þar sem veiðimerking er og fíkra sig niður að litla hólmanum. Í þessu rennsli og alveg fyrir utan hornið á hólmanum hefur haldist fiskur. Það er mjög þægilegt að finna staði þarna til að landa fiski.

Veiðistaður 18 – Bæjarbakki

Þessi veiðistaður hefur breyst töluvert, hann var s.s. á milli landsins og þessara hólma en nú er best að komast út í mið hólmann og veiða í rennslinu sem er norðanmegin við hólma. Þegar komið er að þessu þá sést vel hvernig á að veiða þetta það er þægilega strönd þarna þar sem gott er að landa og állinn rennur beint fyrir framan. Það borgar sig ekki að vaða þarna því fiskurinn getur verið allt frá 2-10 metrum frá landi.

Veiðistaður 17 og 16 – Bakki

Þessi staðir breyst mikið, það var mikið dýpi þarna alveg við landið en nú er hraðara rennsli og aðeins utar sem getur klárlega breyst eins og annað yfir tímabilið en þarna er helst að hitta á göngur. Þennan ál er alveg hægt að veiða frá bakkanum til að byrja með og fíkra sig síðan með honum utar niður eftir og reyna að lesa vatnið vel en aðgát skal ávalt höfð þegar vaðið er.

Veiðistaður 15 – Ártún

Þessi staður hefur oft gefið vel í gegnum árin. Hægt er að byrja á að veiða í rennslinu 50-100 metrum fyrir ofan veiðistaðarmerkið 15 og fíkra sig að hvítu heyrúllunum sem standa þarna. Það gæti þurft að vaða út í byrjun en svo er best að fara í land og fíkra sig niður með bakkanum og aftur án þess að standa mikið uppi á honum. Svo fyrir neðan heyrúllurnar er hægt að vaða út og elta álinn að Línustreng sem er nær hinum bakkanum og sem rennur til og sameinast Ytri-Rangá sem leið liggur að 14 – Djúpós.

Veiðistaður 14 – Djúpós

Eins og gefur að skilja of sést þá er þetta mikið vatnasvæði og getur verið erfitt að sjá hvar á að koma sér fyrir að minnsta kosti þar til vatnið hefur sjatnað og sandeyrar farnar að koma upp. Þá er betra að sjá hvar álar/rennur hafa myndast, einnig myndast í réttu rennsli holur í sandinum þar sem fiskur getur legið og þá sérstaklega sjóbirtingu. Í stærra og hraðara rennslinu er síðan fiskur yfir göngutímamann og þarf þá að lesa vatnið vel og það getur verið mjög gaman að vera þarna með tvíhendu og leita að stöðum/fiski. Sérstaka aðgát skal hafa þegar vaðið er þarna. Það er alveg hægt að veiða töluvert langt niður fyrir Djúpós það þarf bara að skoða það hverju sinni og beita sömu aðferðum og koma fram hér að ofan.